

# Setja upp sjálfvirkar skýrslur í SalesCloud

Síðast uppfært 26/08/2026 4:54 pm BST

1. Skráðu þig inn á **admin.salescloud.is**.
2. Farðu í **Dashboard**.
3. Þú getur búið til sérstakt Dashboard fyrir mánaðarlegar skýrslur með því að smella á reitinn við hliðina á **DEFAULT** og stofnað nýtt með því nafni sem þú vilt.
4. Settu upp Dashboard með þeim skýrslum sem þú vilt hafa með.  
Sjá leiðbeiningarnar **Hvernig er Dashboard sett upp** fyrir nánari upplýsingar um uppsetningu.
5. Þegar Dashboard er tilbúið skaltu smella á **Scheduled Reports** hægra megin á skjánum.  
Þá opnast gluggi hægra megin þar sem þú stillir sjálfvirka skýrslusendingu:

- **Email**

- Sláðu inn netfang viðtakanda.

- **Frequency**

- Veldu hversu oft skýrslan á að berast: daglega, vikulega eða mánaðarlega.

- **Time**

- Veldu hvenær skýrslan á að vera send.

Athugaðu að tímasetningin ræður einnig tímabilinu sem gögn skýrslunnar ná yfir. Ef dagleg skýrsla er til dæmis send kl. 09:00 nær hún yfir gögn frá kl. 09:00 daginn áður til kl. 09:00 þann dag.

- **Channel**

- Hér velur þú hvaða sölurásir eiga að vera með í skýrslunni. Þessar stillingar ráða innihaldi skýrslunnar, óháð því hvaða sölurásir eru valdar á Dashboardinu sjálfu.

Smelltu að lokum á **ADD RECIPIENTS**.

---